



# Orkustofnun

Úttekt á eignastofni Veitna ohf.

Deloitte ehf.

Smáratorg 3

201 Kópavogur

Sími: +354 580-3000

[www.deloitte.is](http://www.deloitte.is)

## Efnisyfirlit

1. Tilgangur, markmið og umfang úttektarinnar.....	2
2. Fjárhagskerfi og innra verklag .....	2
3. Úttektin.....	3
3.1. Skoðun fylgiskjala.....	3
3.2. Yfirferð á reiknuðum afskriftum.....	3
3.3. Athugun á færslu eigna til Veinta ohf. ....	3
4. Niðurstöður .....	4

## 1. Tilgangur, markmið og umfang úttektarinnar

Orkustofnun (OS) hefur heimild til að gera úttektir á dreifiveitum samkvæmt VII. kafla raforkulaga nr. 65/2003. Vegna þessarar úttektar hefur Orkustofnun ráðið Deloitte hf. til að annast úttekt á eignastofni Veitna ohf. fyrir árið 2014 og var fyrirtækinu tilkynnt um fyrirhugaða úttekt og framkvæmd hennar með bréfi dags. 5. júní 2015. Með úttektum á ákveðnum bókhaldslegum þáttum dreifiveitna leitast OS eftir því að verklag við setningu og uppgjör tekjumarka verði sem mest samræmt milli dreifiveitna. Niðurstaða úttektar getur leitt til athugasemda við viðkomandi dreifiveitu ásamt leiðréttingu á uppgjöri tekjumarka og einnig mögulega breytingu á verklagi OS.

Tilgangur úttektar er að rýna undirgögn sem liggja að baki innsendum upplýsingum um eignastofn sem liggur til grundvallar tekjumörkum. Úttektin er ekki framkvæmd vegna gruns um misfellur í upplýsingum heldur fremur vegna mikilvægis eignastofns í tekjumörkum og sem hluti af yfirferð OS á verklagi við setningu og uppgjör tekjumarka.

Þessi skýrsla fjallar um yfirferð okkar á eignastofni Veitna ohf.

Við förum í úttektinni yfir fjárfestingar á árinu 2014 og stöðu á eignastofni 31. desember 2014 byggt á þeim gögnum sem dreifiveitan sendi til OS. Úttektin var framkvæmd til þess að greina eignastofn Veitna og meta hvort að:

- a) Eignirnar tilheyri með sannanlegum hætti dreifiveituhluta og séu nýttar til tekjuöflunar.
- b) Gögn á bak við eignfærslur ársins séu fullnægjandi og styðji réttmæti eignfærðrar fjárhæðar.
- c) Afskriftir séu í samræmi við nýtingartíma (líftíma) eignanna.
- d) Endurmat eigna sé í samræmi við heimildir fyrirtækjanna og ákvarðanir OS.

## 2. Fjárhagskerfi og innra verklag

Veitur nota „Agresso“ fjárhagskerfi, en haldið er utanum eignaskrár á lokuðu drifi þar sem upplýsingar úr fjárhagskerfinu eru notaðar til að vinna eignaskrár í töflureikni („excel“). Upplýsingar úr þeim skráum eru grundvöllur að færslu eignanna í reikningsskilum félagsins. Endurmat á eignum sem tengjast dreifingu á rafmagni er framkvæmt í öðru töflureiknis skjali og er í því haldið utan um endurmetinn eignagrunn til OS. Endurmat er framkvæmt árlega og eru fjárfestingar hvers mánaðar endurmetnar til ársloka, byggt á vísitölu neysliverðs.

### 3. Úttektin

#### 3.1. Skoðun fylgiskjala

Til að nálgast markmiðin með úttektinni voru framkvæmdar nokkrar prófanir. Umfangsmesta skoðunin var úrtaksskoðun úr eignfærslum ársins 2014. Fenginn var listi sem skipt var upp eftir númerum á verkbeiðnum. Samtala þessa lista var borin saman við eignaskrá skv. ársreikning og stemmdi eignfærslulistinn við hana. Ákveðið var að skoða 40 hæstu verkbeiðin ársins og rekja þær til frumgagna. Upphæð úrtaksins var tæplega 278 mkr. en heildar eignfærslur til skoðunar námu tæplega 673 mkr. og því var um 41% eignfærslna skoðað. Það er mat okkar að gott skipulag sé á eignfærslum hjá Veitum og auðvelt reyndist að rekja eignfærðar verkbeiðin til frumgagna. Skoðuð voru alls rúmlega 100 fylgiskjöl. Við fundum engan kostnað sem ekki tilheyrði dreifiveitu rafmagns. Samkvæmt fyrningartöflu sem notuð er til grundvallar reikningsskilum Veitna er byrjað að afskrifa eignfærslur ársins, sem bendir til þess að eignirnar séu orðnar tekjubrandi.

Viðeigandi fylgiskjöl voru að baki þeim eignfærslum sem við skoðuðum.

#### 3.2. Yfirferð á reiknuðum afskriftum

Veitur hafa lagt á mat á líftíma eigna og mótað sér reglur um hrakvirði og afskriftir. Hjá Veitum eru eignir með eftirfarandi líftíma og hrakvirði:

- Fasteignir eru með 50 ára líftíma og hafa 2% hrakvirði.
- Háspennulínur, jarðstrengir 132 kv., aðveitustöðvar, háspennu jarðstrengir, lágspennu jarðstrengir og heimtaugastrengir eru með 40 ára líftíma og 10% hrakvirði.
- Dreifistöðvar háspennu er með 40 ára líftíma og 2% hrakvirði.
- Aðrir eignaflokkar eru með styttri líftíma en um er að ræða;
  - lágspenna sameiginlegt og kerfiráður sem hafa 15 ára líftíma og er hrakvirðið á lágspennu sameiginlegt 2% en ekkert hrakvirði er á kerfiráð.
  - Álagsstýring er með 20 ára líftíma og ekkert hrakvirði.

Athugun okkar bendir til þess að 99% af eignum Veitna séu ýmist með 40 eða 50 ára líftíma.

#### 3.3. Athugun á færslu eigna til Veitna ohf.

Veitur tóku til starfa í upphafi árs 2014 í kjölfar lögboðinnar uppskiptingar OR. Til þess að kanna hvort að munur væri á eignum vegna dreifingar í árslok 2013 í bókum OR, fyrir uppskiptingu, og þeirra eigna sem færðar voru yfir til Veitna bárum við saman eignirnar í



árslok 2013 og ársbyrjun 2014 hjá Veitum. Ekki var um að ræða mismun á bókfærðu eignanna og því ekki tilefni til athugasemda að því er þetta varðar.

#### 4. Niðurstöður

Úttekt á eignfærslum Veitna á árinu 2014 og á eignastofni sem liggur til grundvallar uppgjöri tekjumarka hefur ekki leitt neitt annað í ljós en að flokkun fastafjármuna félagsins uppfylli kröfur raforkulaganna. Einnig eru afskriftir eignaflokka í samræmi við leiðbeiningar Orkustofnunar.

Kópavogur, 4. maí 2016

**Deloitte ehf.**



Lárus Finnbogason  
endurskoðandi

# **ATHUGASEMD VEITNA OHF. VIÐ TEXTA Í 2. KAFLA ÚTTEKTARSKÝRSLU**

## **Veitur ohf. gera eina athugasemd við úttektarskýrslu Orkustofnunar á eignastofni félagsins**

### **Texti í 2. kafla úttektarskýrslu (fyrstu þrjár línur).**

Veitur nota „Agresso“ fjárhagskerfi, en haldið er utan um eignaskrá á lokuðu drifi þar sem upplýsingar úr fjárhagskerfinu eru notaðar til að vinna eignaskrá í töflureikni („excel“). Upplýsingar úr þeim skráum eru grundvöllur að færslu eignanna í reikningsskilum félagsins...

### **Athugasemd Veitna ohf. – Bréf dags. 18.2.2016**

Utanhald með eignaskrá Veitna ohf. í reikningsskilum félagsins fer fram í eignakerfi Agresso sem er fjárhagskerfi félagsins. Eignaskrárnar eru keyrðar úr eignakerfinu í töflureikningskjal með gagnatenginum en öll skráning er í eignakerfi Agresso. Upplýsingar úr eignakerfinu er grundvöllur að færslu eignaanna í reikningsskil félagsins ekki töflureikningskjal.